

Ársskýrsla RMF

2013

Ársskýrsla, yfirlit yfir útgefið efni,
ráðstefnur og fyrirlestra



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

Árið 2013 einkenndist af frágangi mannráðninga og því að verkefni sem styrkt voru með framlögum á fjárlögum ársins 2012 voru að komast af stað. Þessi verkefni verða unnin fram á mitt ár 2015 innan ramma hinnar nýju fjárveitingar sem er til loka árs 2014. Verkefnin eru talin í töflu 1 með titlum sem mótuðust á árinu 2013.

Tafla 1: Verkefni sem styrkt voru af stjórn RMF vorið 2012.

| Verkefni | Tengiliður | Stofnun |
|--|---------------------------|--------------------------------|
| Umbreytingar: ferðaþjónusta, staður og sjálfsemd | Guðrún Þóra Gunnarsdóttir | Háskólinn á Hólum |
| Þjóðhagslegur ávinningur ferðaþjónustu | Edward H. Huijbens | RMF |
| Þróun ferðamannastaða og þolmörk ferðamanna | Anna Dóra Sæþórsdóttir | Háskóli Íslands |
| Þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði | Þorvarður Árnason | Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði |
| Ferðaþjónusta í byggðum landsins | Lilja B. Rögnvaldsdóttir | Rannsóknasetur HÍ á Húsavík |

Auk þessara verkefna má telja til viðburða að fyrsta bókin um ferðamál á Íslandi kom út en byggir hún mikið á vinnu þeirra sem að RMF hafa komið til þessa.

Segja má að árið hafi farið hægt af stað hvað varðar þau verkefni sem línur voru lagðar fyrir á rannsóknardögum RMF á Höfn á haustdögum 2012 og sérstakt framlag á fjárlögum var nýtt til. Skipti þar miklu að ekki gekk sem skyldi að koma rýningu á hagrænum áhrifum af stað, sem aftur leiddi til vandkvæða í því verkefni sem snéri að rýningu á staðbundnum áhrifum ferðaþjónustu. Það var fyrst með sumrinu að öll verkefni sem lýst verður hér á eftir fóru vel af stað og á rannsóknardögum RMF á Húsavík haustið 2013 var komin allgóð mynd á flest þeirra. Samhliða útgáfu þessarar ársskýrslu eru ítarlegar verkefnaskýrslur um hvert það verkefni sem fjármagnað er af RMF.

Samhliða sérstöku framlagi á fjárlögum ársins 2012 komu hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu að rekstri RMF og ber þar helst að nefna styrk Icelandair til þriggja ára og samning um verkefni fyrir Cruise Iceland sem gerður var í byrjun árs 2013. Á grunni beggja hefur fólk verið ráðið til RMF.

Formlegar starfstöðvar RMF voru tvær á árinu, við Háskóla Íslands í Reykjavík (Öskju) og við Háskólann á Akureyri (Borgum), en þeir sem sinna verkefnum sem fjármögnuð eru frá RMF eru þar að auki á Húsavík, Höfn og Hólum í Hjaltadal.

Starfsmenn á árinu 2013 voru:

Á Akureyri

Dr. Alda Metrass Mendes, nýdكتور 100% (frá 1. febrúar 2013)

Dr. Edward H. Huijbens, forstöðumaður 95%

Jón Gestur Helgason, verkefnastjóri 50% (til 31. janúar 2013)

Kristinn Berg Gunnarsson, sérfræðingur 100% (frá 18. mars 2013)

Í Reykjavík

Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur 100% (fór í fæðingarorlof 15. maí 2013 í 14 mánuði)

Dr. Helga Kristjánsdóttir, sérfræðingur 100% (til 1. apríl 2013)

Dr. Cristi Frenç, sérfræðingur 100% (frá 1. september 2013)

Auk þeirra sem manna starfstöðvar RMF eru þeir sem sinna verkefnum sem fjármögnuð eru af RMF en það eru:

Anna Vilborg Einarsdóttir, Reykjavík

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Hólum

Johannes T. Welling, Höfn

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir, Húsavík

Stjórnarfundir á árinu voru þrjár: Aðalfundur var haldin 28. febrúar, vörfundur að Hólum 4. júní, haustfundur 24. október.

Í stjórn RMF árið 2013 áttu sæti:

Dr. Rögnvaldur Ólafsson (Háskóli Íslands), formaður stjórnar

Hjalti Jóhannesson (Háskólinn á Akureyri) (að aðalfundi) og dr. Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir (Háskólinn á Akureyri), varaformaður frá aðalfundi

Dr. Ögmundur Knútsson (Háskólinn á Akureyri)

Dr. Anna Dóra Sæþórsdóttir (Háskóli Íslands)

Bjarnheiður Hallsdóttir (Samtök ferðapjónustunnar)

Dr. Guðrún Helgadóttir (Háskólinn á Hólum)

Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofa)

Rannsóknaverkefni ársins

Rannsóknaverkefnum RMF verður að skipta í tvo flokka eftir því hvort um er að ræða verkefni sem unnin eru af þeim sem fá fjármagn frá RMF til að vinna verkefni, en teljast ekki til eiginlegra starfsmanna og hinsvegar þeirra sem heyra beint til starfsliðs RMF. Hvað varðar fyrri flokkinn eru fjögur verkefni sem nánar er lýst hér að neðan.

Verkefni fjármögnuð gegnum RMF

Umbreytingar: ferðaþjónusta, staður og sjálfsemd

Rannsóknin beinist að uppbyggingu ferðaþjónustu í jaðarbyggðum og þá sérstaklega hvernig íbúarnir takast á við aukið hlutverk ferðaþjónustu í samfélaginu. Markmiðið er að greina hvað gerist í því ferli þegar staður umbreytist í áfangastað fyrir ferðamenn og hvernig þeir sem búa á viðkomandi stað skynja, skilja og upplifa þessa breytingu. Mjög hefur verið litið til ferðaþjónustu sem nokkurs konar bjargvættar fyrir dreifðari byggðir, þar sem atvinnulíf hefur verið einhæft og þjónusta af skornum skammti, en lítið er þó vitað um hvað gerist þegar svæði eða tiltekinn staður verða áfangastaðir og þannig endurskilgreindir í ljósi þarfa atvinnugreinar sem er jafn margþætt og ferðaþjónusta. Skýrsla um stöðu verkefnisins í lok árs 2013 liggur fyrir.

Rannsókninni sinnir Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, en um er að ræða PhD verkefni hennar.

Þróun ferðamannastaða og þolmörk ferðamanna

Á árunum 2000 og 2001 voru þolmörk rannsökuð á fimm náttúruskoðunarstöðum á landinu þ.e. við Langasjó, í Lónsöræfum, Skaftafelli, Jökulsárgljúfrum og Mývatnssveit. Sumarið 2013 voru þessar rannsóknir endurteknaðar þar sem markmiðið er að greina hvort viðhorf ferðamanna hafi breyst á þeim rúma áratug sem liðinn er frá fyrri rannsóknunum. Með samanburðarrannsókninni fást upplýsingar um hvort jafnvægi ríki milli uppbyggingar í þágu ferðaþjónustu og auðlindarinnar út frá sjónarhóli þeirra gesta sem sækja staðina heim. Um leið skapast viðmið sem nýtast fyrir stefnumótun í ferðaþjónustu í anda sjálfbærrar þróunar. Niðurstöður rannsóknarinnar hafa verið birtar í skýrslunni Samanburður á þolmörkum og þróun ferðamennsku í Vatnajökulsþjóðgarði og Mývatnssveit árin 2000/2001 og 2013.

Rannsókninni stýrir Anna Dóra Sæþórsdóttir við Háskóla Íslands. Aðstoðarmenn eru Anna Vilborg Einarsdóttir doktorsnemi og Margrét Sævarsdóttir meistaranemi.

Ferðamennska, landslag og loftslagsbreytingar á Íslandi

Þetta verkefni hét í upphafi „Þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði“ en eftir að vinna við það hófst var ákveðið að skerpa á áherslum þess og horfa þá sérstaklega á samspil ferðamennsku og loftslagshlýnunar eins og það birtist í jöklalandslaginu sem setur afgerandi svip á Vatnajökulsþjóðgarði. Jöklar um allan heim hoga nú hratt vegna loftslagshlýnunar og erlendis má nú þegar víða finna dæmi um vinsæl ferðamannasvæði sem

eiga undir högg að sækja vegna bráðnandi jökla. Mikilvægt er að hagsmunaraðilar, s.s. stjórnendur þjóðgarðsins og forsvarsmenn ferðaþjónustufyrirtækja, móti sameiginlega aðgerðaáætlun til að stemma stigu við eða bæta fyrir neikvæð áhrif af völdum loftslagsbreytinga á jöklana og ferðamennsku sem þeim tengist.

Verkefnið samanstendur af nokkrum tengdum verkþáttum. Fyrsti hlutinn varðar gerð samantektar um umfang jöklaferðamennsku á Íslandi, ásamt söfnun og úrvinnslu upplýsinga um áhrif loftslagsbreytinga á ferðaþjónustu og öfugt. Annar hlutinn snýst um að kanna viðhorf og atferli ferðamanna sem leita sér afþreyingar af mismunandi toga á jöklasvæðum Vatnajökulsþjóðgarðs. Þriðji hlutinn byggir á könnunum á meðal ferðaþjónustuaðila um áhrif loftslagsbreytinga á starfsemi þeirra á jöklasvæðum. Í fjórða hlutanum verður fulltrúum ferðaþjónustufyrirtækja og þjóðgarðsins stefnt saman til að móta sameiginlega sviðsmynd (e. *scenario*) um áhrif loftslagsbreytinga á þjóðgarðinn og ferðaþjónustuna innan hans á næstu árum og ártugum. Í fimmta hlutanum verður ofangreind sviðsmynd síðan lögð til grundvallar fyrir mótun sameiginlegrar aðgerðaráætlunar þjóðgarðsstjórnenda, ferðaþjónustuaðila og sveitarstjórnarfólks um leiðir til þess að stöðva, minnka eða aðlaga sig að neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga.

Rannsókninni sinnir Johannes T. Welling, en um er að ræða PhD verkefni hans. Honum til fulltingis er þorvarður Árnason hjá Rannsóknasetri HÍ á Hornafirði.

Ferðaþjónusta í byggðum landsins

Rannsóknin er unnin á vegum Rannsóknaseturs HÍ á Húsavík í samstarfi við Rannsóknamiðstöð ferðamála og þekkingarnet Þingeyinga. Meginmarkmið rannsóknarinnar er tvíþætt; annars vegar að meta hvernig hægt er að veða bein efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu með hliðsjón af alþjóðlegri forskrift ferðaþjónustureikninga og hins vegar að meta óbein og afleidd efnahagsleg áhrif með aðferðum aðfanga- og afurðagreiningar. Rannsóknin er unnin samhliða rannsókn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála á þjóðhagslegum áhrifum ferðaþjónustu og munu niðurstöður þessa verkefnis verða notaðar til samanburðar og staðfestingar á því hvað mögulegt er að heimfæra af þjóðhagslegum stærðum uppá einstök svæði.

Rannsókninni sinnir Lilja B. Rögnvaldsdóttir hjá Rannsóknasetri HÍ á Húsavík. Henni til fulltingis er Cristi Frenç við RMF.

Verkefni unnin á RMF

Hér á eftir verða talin verkefni sem stýrt er af RMF og eru unnin af starfsfólki sem er á launaskrá RMF og telst til miðstöðvarinnar beint.

Rannsóknaverkefni styrkt af Icelandair Group

Í júní 2012 tilkynnti Icelandair Group að í tilefni 75 ára afmælis flugfélagsins Icelandair mundi það styrkja RMF um 5 milljónir á ári til þriggja ára gegnum Háskólann á Akureyri. Í upphafi árs 2013 var ráðin nýdoktor til að sinna rannsóknum á flug og ferðþjónustu til þriggja ára.

Verkefnið snýst um samspil flugs og ferðamennsku og hvernig má undirbyggja viðskiptalíkan sem skilar bæði hagnaði en um leið gengur ekki á auðlindir þær sem byggt er á. Í samvinnu við Icelandair er unnið að greiningu þátta sem undirbyggja stefnu félagsins og geta viðhaldið auðlindum þess um leið og hagnaði er skilað. Þar er fyrst og fremst áhersla á greiningu farþega félagsins á öllum stigum kaupákvörðunar, sem gagnast getur til að skilja væntingar og þarfir þeirra. Þannig er vænt niðurstaða verkefnisins áætlun um til hvaða markhópa er hægt að höfða og hvernig, þannig að bestur árangur sé tryggður við vernd og viðhald auðlinda ferðþjónustu innanlands um leið og flugfélagið skilar hagnaði og vexti. Skýrsla um verkefnið og árangur ársins liggur fyrir.

Dr. Alda Metrass Mendes nýdoktor hjá RMF sinnir þessu verkefni.

Rýning á forsendum hliðarreikninga ferðþjónustu á Íslandi

Með ráðningu nýs hagfræðings til RMF haustið 2013 komst skriður á rýni á hagrænum áhrifum ferðþjónustu á Íslandi. Stærstur hluti þeirrar vinnu sem komin er af stað nú snýr að því að rýna hvaða gögn liggja fyrir sem nýta má til að greina hagræn áhrif ferðþjónustu og í hve fínni upplausn þessi gögn eru með tilliti til einstakra landshluta eða svæða. Fyrsti hluti þessarar rýni fór fram á haustdögum 2013 þar sem skoðuð var gerð hliðarreikninga Hagstofu Íslands sem gefnir voru út 2008, 2010 og 2011. Rýnt var á hvað gögnum var byggt og hvort þeir fylgdu alþjóðlegri forskrift um gerð slíkra reikninga. Skýrsla um verkefnið og árangur ársins liggur fyrir.

Dr. Cristi Frenț sérfræðingur hjá RMF sinnir þessu verkefni.

Kortlagning auðlinda ferðþjónustu á Íslandi – mögulegt framhald

Upphaflegu frumverkefni, sem snéri að kortlagningu auðlinda ferðþjónustu neðan hálendislínu í Rangárþingi Ytra, Rangárþingi Eystra, Mýrdalshreppi, Skaftárhreppi og Ásahreppi lauk formlega árið 2013 með kynningu á auðlindavef fyrir heimafólk á haustdögum. Landmælingar Íslands höfðu unnið þann vef og er hann í opnu aðgengi. Nú þegar endanleg mynd er komin á hann er skipulag kortlagningar um allt land hafin.

Yfir verkefninu og mögulegu framhaldi þess starfar verkefnisstjórn en hana skipa:

- Edward H. Huijbens, Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Oddný Þóra Óladóttir, Ferðamálastofu.
- Ásta Kristín Óladóttir og Eydís L. Finnbogadóttir, Landmælingum Íslands.

Verkefnið er unnið með fulltingi Ferðamálastofu og verkefninu sinnir dr. Edward H. Huijbens, forstöðumaður.

Skemmtiskip við Íslandsstrendur

Í lok árs 2012 var mótað verkefni og samningur við Cruise Iceland um rannsókn á áhrifum af komu skemmtiskipa til Íslands. Markmið rannsóknarinnar er að skilja efnahagsáhrif af komu skemmtiskipa í hafnir landsins, áhrif þessara gestakoma á samfélög þar sem komið er að landi, sem og áhrif gestanna og skipanna á umhverfi í staðbundnu og hnattrænu samhengi. Verkefnið er unnið með ráðgjöf og aðkomu Önnu Karlsdóttur við Háskóla Íslands. Á árinu hefur staðið yfir gagnaöflun og ítarleg heimildavinna. Skýrsla um verkefnið og árangur ársins liggur fyrir.

Verkefninu sinnir Kristinn Berg Gunnarsson sérfræðingur hjá RMF, en dr. Edward H. Huijbens, forstöðumaður er honum til fulltingis.

Rural Tourism Transport – trans tourism verkefnið

Á haustdögum 2010 hófst verkefni á vegum Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins, sem RMF leiðir á Íslandi um þróun sjálfbærra samgangna í þágu ferðapjónustu á jaðarsvæðum. Er markmið verkefnisins að þróa nýjungar í samgöngum fyrir svæði á jaðri norður Evrópu sem byggja afkomu sína á ferðapjónustu að hluta eða öllu leyti. Er verkefnið unnið í samvinnu við Svía, Skota og Íra og mun leitast við að bæta net almenningsamgangna og upplýsingagjöf þar um í þágu ferðamennsku. Þannig stendur til að þróa:

- Nýjar leiðir fyrir ferðapjónustu sem mætir árstíðasveiflum og tengist flugsamgöngum
- Samnýting leiða fyrir flutning á mat til áfangastaða og sorphirðu og endurvinnslu frá áfangastöðum
- Notendavæna upplýsingagjöf gegnum netið og farsíma

Dr. Edward H. Huijbens sinnti þessu verkefni en því lauk með lokaráðstefnu haustið 2013. Á heimasíðu verkefnisins má sjá yfirlit yfir lokaafurðir og afrakstur: <http://www.transtourism.eu/>. Áfram verður unnið með fyrirtækinu Bílfar.is um þróun á samnýtingu einkabíla til ferðalaga.

Tourism, Wellbeing and Ecosystem Services (TObeWELL).

Evrópusambandið hvetur til samvinnu um rannsóknir og tækniþróun gegnum rammaáætlun sem nefnd er COST. Snemma í júní 2012 kom í ljós að Rannsóknamiðstöð ferðamála fékk ásamt fulltrúum frá vísindastofnunum 19 annarra Evrópulanda styrk úr þessari áætlun. COST verkefnið hófst formlega 25. júní 2012 og ber titilinn: Tourism, Wellbeing and Ecosystem Services (TObeWELL) og er vísað til innan COST sem IS1204 (sjá: http://www.cost.eu/domains_actions/isch/Actions/IS1204).

Í lok árs 2013 eru 29 lönd aðilar að verkefninu, sem leitt er af háskólanum í Exeter. Verkefnið snýst um að þætta saman hugmyndir um þjónustu vistkerfa með áherslu á lífkerfi, við aðra þætti mannlegrar tilvistar; menningu, heilsu og vellíðan gegnum ferðamennsku. Verkefnið miðar að því að tengja saman rannsóknir á vellíðan sem byggja á þjónustu vistkerfa og notkun þeirra gegnum ferðamennsku, útivist og afþreyingu. Til grundvallar verkefninu liggur að skapa ný samvinnu rannsóknarverkefni um hvernig ferðamennska getur bætt heilsu og vellíðan með samlífi við auðlindir náttúru og sjálfbæra nýtingu vistkerfa, um leið og reynt

verður að leggja mat á virði slíkrar nýtingar. Þetta mun nást með samstarfi ólíkra rannsóknastofnana um alla Evrópu sem starfa munu saman á grundvelli fjögurra vinnuhópa. Sá fyrsti fjallar fræðilega um samband ferðamennsku, vellíðunar og þjónustu vistkerfa og leitast við að smíða hugtakaramma um það. Annar hópur mun fjalla um aðferðafræðilegar áskoranir við að kynna sér þetta samband. Þriðji hópurinn mun skoða samhengi öldrunar, vellíðunar og þjónustu vistkerfa. Fjórdi hópurinn mun skoða stefnumótun og hvernig niðurstöður hinna hópanna geta upplýst mótun heilbrigðisstefnu.

Dr. Edward H. Huijbens forstöðumaður sinnir þessu verkefni og stýrir innan þess samræmingu vísindaferða eða sk. *short term scientific missions*. Edward er einnig í stýrihóp verkefnisins. Klasi um heilsutengda ferðaþjónustu á Íslandi, Island of Health, er með RMF í verkefninu á fulltrúa á COST fundum. Áætluð lok verkefnisins eru haustið 2016.

ICT Toolbox in the experience economy

RMF í samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands leiddi verkefni um leiðir og tæki í upplýsingatækni innan upplifunarhagkerfisins, sem styrkt er af Norrænu Nýsköpunarmiðstöðinni (NICE). Verkefnið fjallar um hvernig ferðaþjónustufyrirtæki á Norðurslóðum geta nýtt sér upplýsingatækni til þess að koma vörum sínum og þjónustu á framfæri. Íslenski hlutinn snýr að mati á vefnotkun fyrirtækja í ferðaþjónustu á Norðurlandi. Verkefnið var unnið á vormánuðum 2013 og lauk með ráðstefnu í Kaupmannahöfn í lok júní. Þar var kynnt verkfærakista fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu um hvernig þau geta nýtt sér upplýsingatækni. Þátttakendur eru frá Noregi, Danmörku og Finnlandi auk Íslands.

Kristinn Berg Gunnarsson og Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingar hjá RMF sinntu þessu verkefni en því lauk haustið 2013. Skýrsla um verkefnið og árangur ársins liggur fyrir.

Slow adventure tourism

Verkefnið er í samvinnu við Norðmenn og Skota og er styrkt af NORA. RMF er í samvinnu við Háskólasetur HÍ á Hornafirði um innlenda hluta verkefnisins. Markmiðið er að bera kennsl á vörur og þjónustu sem snúast um „hæglátar“ævintýraferðir á starfsvæði NORA og hvað það er sem einkennir þessar ferðir. Með því að búa til skilgreiningu fyrir og bera kennsl á fyrirtæki sem bjóða slíkar ferðir og hvata þeirra er stefnt að því að gera leiðbeiningar um hvernig má skipuleggja ferðaþjónustu með þessum hætti sem gæti þannig verið frekar í takt við umhverfi og náttúru. Verkefnið hófst á haustdögum 2013 og lýkur vorið 2014.

Dr. Edward H. Huijbens forstöðumaður sinnir þessu verkefni.

Norðurslóðasamstarf

RMF er virkur þátttakandi í norðurslóðasamstarfi fræðafólks í ferðamálum með þátttöku í International Polar Tourism Research Network (IPTRN). Þetta hefur skapað fótfestu til þátttöku í mótun norðurslóðaáherslna Háskólans á Akureyri, en þar eru fjölmörg verkefni og

Ársskýrsla 2013

ýmsir samstarfsmöguleikar í mótun. Frá og með lokum 2013 tók RMF við heimasíðu IPTRN af háskólanum í Quebec (<http://iptrn.rmfi.is/>)

Dr. Edward H. Huijbens forstöðumaður RMF sinnir samstarfinu.

Útgefið efni 2013

Í töflu 2 er tekið saman útgefið efni til og með árinu 2013 ásamt fjölda starfsfólks og veltu á hverjum tíma. Neðan töflunnar eru taldar upp þær skýrslur, greinar og bókarkaflar sem starfsfólk RMF og þeir sem sinna verkefnum hafa gefið út á árinu 2013.

Tafla 2: Samantekt tölfraeði um útgefið efni og fyrirlestra í samhengi við veltu og fjölda starfsfólks 2006-2013.

| | Skýrslur | Bls í skýrslum | Hlutar af öðrum skýrslum | Greinar | Starfsfólk /styrktir | Fyrirlestrar innanlands | Fyrirlestrar á alþj. ráðstefnum | Velta |
|----------------|-----------|----------------|--------------------------|-----------|----------------------|-------------------------|---------------------------------|--------------|
| 2006 | 1 | 50 | 2 | 4 | 0,5 | 0 | 1 | 17 |
| 2007 | 3 | 186 | 2 | 7 | 2,5 | 6 | 4 | 18,5 |
| 2008 | 7 | 285 | 1 | 8 | 3,5 | 13 | 9 | 31 |
| 2009 | 6 | 475 | 0 | 14 | 3,5 | 15 | 14 | 29 |
| 2010 | 7 | 492 | 5 | 7 | 3,0 | 18 | 14 | 29 |
| 2011 | 4 | 287 | 2 | 10 | 2,0 | 12 | 12 | 20 |
| 2012 | 5 | 279 | 0 | 11 | 3,0 | 14 | 13 | 34,5 |
| 2013 | 9 | 600 | 2 | 7 | 6,0 | 18 | 15 | 52,8 |
| Samtals | 42 | 2654 | 14 | 68 | | 96 | 82 | 231,8 |

Alda Metrass Mendes (2013). *Icelandic tourism profitability and sustainability strategies The facilitating role of aviation*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Anna Dóra Sæþórsdóttir, Anna Vilborg Einarsdóttir, Gyða Þórhallsdóttir, Margrét Sævarsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Þorkell Stefánsson (2013). *Þolmörk ferðamanna: Samanburður á árunum 2000/2001 og 2013*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Cristi Frenç (2013). *The Economic Benefits of Tourism in Iceland: Boosting the Icelandic Tourism Satellite Account Development - Icelandic Tourism Satellite Account (TSA) – A Conformity Assessment with United Nations standards for TSA – Part I*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Edward H. Huijbens (2013). *Yfirlit yfir sumarkannanir Ferðamálastofu meðal erlendra gesta 1997-2011*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Edward H. Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson (2013). *Ferðamál á Íslandi*. Reykjavík: Mál og Menning.

Edward H. Huijbens & Kristinn B. Gunnarsson (2013). *Skemmtiferðaskip við Ísland. Úttekt á áhrifum 2013*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Kristinn Berg Gunnarsson (2013). *Greining á vefsíðum ferðaþjónustufyrirtækja á Norðurlandi*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Eyrún J. Bjarnadóttir, Kristinn B. Gunnarsson, Halldór Óli Kjartansson & Arnheiður Jóhannsdóttir (2013). Website analysis of tourism companies in N. Iceland. Í O. Wiggen og M.

Lexhagen (ritstj.) *Digital toolbox: Innovation for Nordic tourism SMEs*. Oslo: Nordic Innovation Centre.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2013). *Viðhorf og sýn ferðaþjónustuaðila í Húnaþingi vestra*. Hólar: Háskólinn á Hólum.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2013). *The Entangled Web. Tourism, Place and Identity*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Huijbens, E. (2013). Polar tourism product development. Possibilities in climate change. Í R.H. Lemelin, P. Maher & D. Liggett (Ritstj.) *From talk to action: How tourism is changing the Polar Regions. Conference Proceedings from the 3rd International Polar Tourism Research Network (IPTRN) Conference, April 16-21, 2012, Nain, Nunatsiavut*. Thunder Bay, Ontario: Centre for Northern Studies Press, Lakehead University, bls. 223-243.

Huijbens, E. og Alessio, D. (2013). Arctic 'concessions' and icebreaker diplomacy? Chinese tourism development in Iceland. *Current Issues in Tourism*, <http://dx.doi.org/10.1080/13683500.2013.837867>

Huijbens, E. og Benediktsson, K. (2013). Inspiring the Visitor? Landscapes and Horizons of Hospitality. *Tourist Studies*, 13(2), bls. 189-208.

Johannes Theodorus Welling (2013). *Tourism, Landscapes and Climate Change in Iceland*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála

Jóhannesson, G.P. og Huijbens, E. (2013). Tourism resolving crisis? Exploring tourism development in Iceland in the wake of economic recession. Í D. Müller, L. Lundmark og R.H. Lemelin (Ritstj.) *New Issues in Polar Tourism: Communities, Environments, Politics*. Basel: Springer, bls. 133-148.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir og Edward H. Huijbens (2013). Fémæti ferðaþjónustu Rannsókn á efnahagslegum áhrifum ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu. Í I. Hannibalsson (Ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum XIV*. Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, bls. 1-11.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2013). *Fémæti ferðaþjónustu. Rannsókn á efnahagslegum áhrifum ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála

Metrass-Mendes, A., De Neufville, R., Costa, A., Oliveira, A. (2013). Comparing air transport policies for small remote communities: U.S.A., Canada, Portugal, Spain and Brazil. Càtedra Pasqual Maragall, Universitat de Barcelona, Working paper collection 02/2013.

Tuohino, A., Konu, H., Hjalager, A.-M. og Huijbens, E. (2013). Practical Examples of Service development and innovations in the Nordic Wellbeing Industry. Í J. Kandampully (Ritstj.) *Service Management*. Dubuque: Kendall Hunt, bls. 325-346.

Fyrirlestrar og erindi 2013

Edward H. Huijbens (2013). *Tækifæri og markhópar*. Kynning á málþingi á vegum Mývatnssstofu og NMI um heilsuferðþjónustu í Mývatnssveit. Skjólbrekkur, 31. janúar.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2013). *Vangaveltur um ímynd svæða. Fyrstu niðurstöður úr viðtölum við ferðþjónustuaðila í Húnaþingi vestra*. Kynning á opnum fundi Ferðamálafélags V-Hún og Markaðsstofu Norðurlands. Hvammstanga, 7. mars.

Edward H. Huijbens (2013). *Markaðsvirði landslags?* Kynning á árlegu hugvísindafundi Háskóla Íslands. Reykjavík, 8.-9. mars.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2013). *Hagræn áhrif ferðþjónustu í Þingeyjarsýslu*. Kynning á aðalfundi Samtaka atvinnurekenda á NA landi. Húsavík 20. mars.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2013). *Hagræn áhrif ferðþjónustu í Þingeyjarsýslu*. Kynning á ársfundi Stofnunar Rannsóknasetra HÍ. Sandgerði, 21. mars.

Edward H. Huijbens og Þorvarður Árnason (2013). *Ferðþjónusta sem ylrækt. Ný hugsun fyrir þróun byggða*. Kynning á ársfundi Byggingastofnunar í Miðgarði, 5. apríl.

Johannes T. Welling (2013). *Tourism and Climate Change*. Kynning á Fræðasetri HÍ á Hornafirði. Höfn, 7. apríl.

Edward H. Huijbens (2013). *Redressing the primate. Welfare in Icelandic regional policy*. Kynning á 108. árlega fundi amerískra landfræðinga (AAG) í Los Angeles, 9.-13. apríl.

Edward H. Huijbens (2013). *Clusters without content? Unpacking Icelandic tourism policy*. Kynning á 108. árlega fundi amerískra landfræðinga (AAG) í Los Angeles, 9.-13. apríl.

Edward H. Huijbens (2013). *Græn ferðþjónusta og sjálfbærni hugtakið*. Kynning á áfangafundi Gekon í kortlagningu ferðþjónustuklasans á Akureyri, 17. apríl.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2013). *Virðisauki í ferðþjónustu*. Kynning á vinnufundi Gekon um kortlagningu og samstarfsmótun íslenskrar ferðþjónustu. Heiðargarði 15. apríl 2013.

Kristinn Berg Gunnarsson (2013). *Skemmtiskipakomur til Íslands*. Kynning á verkefni Cruise Iceland og RMF á aðalfundi Cruise Iceland 2013. Reykjavík, 8. maí.

Edward H. Huijbens (2013). *Landslag, upplifun og ferðavaran*. Kynning á Hugaflogi Listaháskóla Íslands. Reykjavík, 16. maí.

Edward H. Huijbens (2013). Andmæli við doktorsvörn Patrick Brouder *Tourism Development in Peripheral Areas. Processes of Local Innovation and Change in Northern Sweden*. Mid Sweden University, Östersund, Svíþjóð, 28. maí.

Edward H. Huijbens (2013). *Arctic concessions? Chinese tourism development in Iceland*. Kynning á fimmtu Norrænu landfræðiráðstefnunni. Reykjavík, 11.-14. júní.

Anna Vilborg Einarsdóttir (2013). *The importance of comparative tourism research in protected areas*. Kynning á fimmtu Norrænu landfræðiráðstefnunni. Reykjavík, 11.-14. júní.

Alda Metrass-Mendes (2013). *Sustainable Nordic Tourism: Improving Icelandic niche market profitability while maintaining its sustainability*. Kynning á ráðstefnunni North Atlantic Forum (NAF) 2013 - Rural Tourism, Challenges in Changing Times. Hólar í Hjaltadal, 13.-15. júní.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2013). *Who is going to do it? The question of tourism development in sparsely populated areas*. Kynning á ráðstefnunni North Atlantic Forum (NAF) 2013 - Rural Tourism, Challenges in Changing Times. Hólar í Hjaltadal, 13.-15. júní.

Edward H. Huijbens (2013). *Destination images understanding destinations and visitor perceptions*. Kynning á Marine and Coastal Culture Tourism in Northern Territories ráðstefnu á Akureyri, 19. júní.

Kristinn Berg Gunnarsson (2013). *Internet usage of travel companies in Northern Iceland*. Kynning á vinnufundi á vegum Norrænnar Nýsköpunarmiðstöðvar. ICT Toolbox in the experience economy. Kaupmannahöfn, Danmörk, 28. Júní.

Alda Metrass-Mendes (2013). *Air Transport Design for Small Remote Communities: Policy Options under Regulatory Reform*. Kynning á 17. ráðstefnu ATRS (Air Transport Research Society). Bergamo, Ítalíu, 26.-29. júní.

Alda Metrass-Mendes (2013). *Air Transport Design for Small Remote Communities: Policy Options Under Regulatory Reform*. Kynning á 13. ráðstefnu WCTR (World Conference on Transport Research). Rio de Janeiro, Brasilíu, 15.-18. júlí.

Edward H. Huijbens (2013). *Incorporating climate change in polar tourism product development*. Kynning á ENECON/ESPO, Northern Research Forum ráðstefnu: Climate Change in Northern Territories. Akureyri, 22.-23. ágúst.

Edward H. Huijbens (2013). *Down to Earth - A Changing Climate of and for Tourism og Tourism, Wellbeing and Ecosystem Services - Commodification and conservation?* Tvær kynningar á árlegri ráðstefnu breskra landfræðinga (IBG/ Royal Geographical Society (RGS)). London, England, 28.-30. ágúst.

Alda Metrass-Mendes (2013). *Icelandic tourism profitability and sustainability strategies: The facilitating role of aviation*. Kynning á 22. Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research. Bodø og Lófóten, Noregi, 24.-27. september.

Edward H. Huijbens (2013). *Fjárfesting í ferðaþjónustu í dreifðum byggðum - vísendingar sem horfa ber til -*. Kynning fyrir útíbússtjóra Arion banka á Norðurlandi, Akureyri, 10. október.

Edward H. Huijbens (2013). *Úr eyðimörk eftirlíkinga uppbygging sjálfbærrar menningarferðaþjónustu*. Kynning á þingi Skálholtsfélagsins um framtíð Skálholtsstaðar. Skálholti, 19. október.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir og Edward H. Huijbens (2013). *Fémæti ferðaþjónustu Rannsókn á efnahagslegum áhrifum ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu*. Kynning á 14. Þjóðarspegli. Reykjavík, 25. október.

Johannes T. Welling (2013). *Tourism in drifting landscapes: Tourists' perceptions and utilization of glacial landscapes in Iceland*. Kynning á 14. Þjóðarspegli. Reykjavík, 25. október.

Edward H. Huijbens (2013). *Að bjóða gestum heim - Landslag og siðferði ferðaþjóna*. Kynning á 14. Þjóðarspegli. Reykjavík, 25. október.

Alda Metrass-Mendes (2013). *Icelandic tourism profitability and sustainability strategies: The facilitating role of aviation*. Kynning á 14. Þjóðarspegli. Reykjavík, 25. október.

Alda Metrass-Mendes (2013). *Using choice experiments to evaluate attributes of attraction packages and sensitivity to congestion: the case of Icelandic inbound tourists*. Boðsfyrirlestur við Háskólann á Hólum. Hólar í Hjaltadal, 6. nóvember.

Yfirlit ársins 2013

Að neðan er listi yfir helstu ráðstefnur, málþing, vinnufundi og verkefni sem Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur komið að. Starfsmenn og þeir sem sinna verkefnum á vegum RMF mættu á 9 alþjóðlegar fræðaráðstefnur víða um heim á árinu, auk þess að taka þátt í fjölda málfunda og fyrirlestra á vettvangi sveitarfélaga, ríkis og annarra hagsmunaaðila í ferðaþjónustu.

Janúar:

10. Vinnufundur vegna NPP trans tourism – þarfagreining almenningsamgagna
20. Umfjöllun Landans á RÚV um skemmtiferðaskip byggt á viðtali við RMF
22. Kennsla við Hóla
23. Fundur um loftslagsmál og ferðamál við HA
29. Fundur um klasa og innanlandsflug á Hótel KEA
31. Fundur NMI um heilsuferðaþjónustu í Mývatnssveit

Í þessum mánuði var unnið að uppgjöri ársins 2012 og ársskýrslu. Gengið var frá ráðningum vegna Icelandair styrks og auglýsingu vegna stöðu sérfræðings við RMF. Unnið að þarfagreiningu almenningsamgangna vegna NPP trans tourism verkefnis. Skýrslur ársins 2012 voru settar upp og prentaðar. Unnið var að skrifum bókarinnar *Ferðamál á Íslandi*, skýrslu fyrir Landsvirkjun um þeistareyki, skipulagi COST verkefnis og grein um fjárfestingu Huang Nubo á Grímsstöðum á Fjöllum.

Febrúar:

1. Heimsókn franska sendiherrans á RMF
11. Alda Metrass Mendes hefur störf á styrk frá Icelandair, fundir í Reykjavík
- 15.-16. Kynning á RMF við háskólann í Dalarna í Svíþjóð
20. Fundur um norðurslóðamál með sendiherra Kanada við HA
27. Verkefnafundur um kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu
28. Aðalfundur RMF

Í þessum mánuði var unnið að uppgjöri og gögnum fyrir aðalfund RMF, NPP trans tourism verkefni og ráðningu starfsfólks. Unnið var að lokafrágangi verkefnis um kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu, undirbúningi samstarfs með Icelandair og Hagstofu sem og grein um fjárfestingu Huang Nubo á Grímsstöðum á Fjöllum og grein fyrir Tourist Studies þemahefti. Unnið að skrifum bókarinnar *Ferðamál á Íslandi* og lokafrágang greinar í Geografiska Annaler B.

Mars:

- 3.-4. Fundur í Varsjá vegna Leonardo verkefnis
11. Skipulagning námskeiða á Svartárkoti
- 15-16. Hugvísindaping Háskóla Íslands – málstofa um ferðamál
18. Kristinn Berg Gunnarsson hefur störf hjá RMF
21. Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra HÍ
- 28.-31. Páskafri

Í þessum mánuði voru lokaverkefni metin sem komu til greina fyrir lokaverkefnisverðlaun RMF. Unnið var að NPP trans tourism verkefni, skipulagi verkefnis með Icelandair, verkefni um netnotkun fyrirtækja í ferðaþjónustu og skipulagi samnorrænnar landfræði ráðstefnu og málstofu um ferðamál þar. Unnið að skrifum bókarinnar *Ferðamál á Íslandi* og grein fyrir Tourist Studies þemahefti.

Apríl:

- 5. Erindi RMF á ársfundi Byggðastofnunar
- 11. Afhending lokaverkefnisverðlauna RMF á aðalfundi SAF
- 9.-13. AAG í Los Angeles
- 17. Fundur klasaverkefnis ferðaþjónustu á vegum Gekon – kynning frá RMF
- 18. Trans tourism verkefna fundur
- 19. Kynning á verkefni Öldu við HA

Í þessum mánuði var samin auglýsing vegna stöðu sérfræðings í hagrannsóknnum. Unnið var að NPP trans tourism verkefni, undirbúningi samnorrænnar ráðstefnu landfræðinga í Reykjavík, skipulagi og framkvæmd verkefnis með Icelandair, verkefni um netnotkun fyrirtækja í ferðaþjónustu og störf skiptinema frá Wageningen sem kæmi yfir sumarið. Unnið að lokafrágang bókarinnar *Ferðamál á Íslandi*.

Mái:

- 9-10. Aðalfundur Cruise Iceland og ráðstefna – kynning RMF
- 15. Samráðsfundur um rannsóknarþörf í ferðaþjónustu – grand hótél
- 18. Hugaflyg við Listaháskóla Íslands – málstofa um ferðamál
- 21.-22. Trans tourism fundur í Svíþjóð
- 24. Kynning á RMF í Linnaeus háskóla í Kalmar
- 28. Kynning á RMF í Mid-Sweden háskóla í Östersund, andmæli við PhD

Í þessum mánuði var auglýst staða sérfræðings í hagrannsóknnum. Unnið var að NPP trans tourism, undirbúning verkefnis um komu skemmtiferðaskipa til Íslands, skrif umsóknar í innviðasjóð vegna gagnagrunns um ferðamál, vinna að verkefni um staðbundin hagræn áhrif ferðaþjónustu. Farin var löng ferð um Svíþjóð. Sotiria Prodromitri, skiptinemi frá Wageningen hóf störf hjá RMF. Unnið að lokafrágang bókarinnar *Ferðamál á Íslandi*.

Júní:

- 4. Vorfundur stjórnar RMF að Hólum
- 7. Vinnufundur með Icelandair – ráðstefna um hönnun ferðamannastaða
- 12.-14. Fimmta NGM í Reykjavík – málstofur um ferðamál
- 18.-19. Vinnufundur um sjávar tengda ferðaþjónustu
- 20. Vinnufundur Ferðamálastofu um forgangsröðun rannsókna
- 27.-28. Verkefnafundur um netnotkun ferðaþjónustufyrirtækja í Kaupmannahöfn
- 28.-29. Air Transport Research Society, 17. ráðstefna, Bergamo, Ítalíu

Í þessum mánuði var gengið frá ráðningu sérfræðings í hagrannsóknnum. Unnið var að NPP trans tourism, undirbúningi verkefnis um komu skemmtiferðaskipa til Íslands, skrif umsóknar

í innviðasjóð vegna gagnagrunns um ferðamál og lokafrágang verkefnis um netnotkun ferðþjónustufyrirtækja.

Júlí:

- 2. Verkefnafundur með Cruise Iceland
- 15.-18. World Conference on Transport Research, 13. ráðstefna í Rio de Janeiro

Í þessum mánuði var unnið að útfærslu könnunar meðal farþega hjá Icelandair, könnun var framkvæmd meðal gesta í Þingeyjarsýslum, gestir á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs skoðaðir og könnun meðal ferðafólks í tengslum við þolmarkarannsóknir framkvæmd. Unnið var að umsókn í innviðasjóð um uppbyggingu gagnagrunns um kannanir meðal ferðafólks og gerð nýrrar heimasíðu RMF. Jafnframt var unnið að gagnaöflun og skrifum bókakafla um grannfræði og ferðamál.

Ágúst:

- 15. Ný vefsíða RMF í loftið
- 16. Verkefnafundur með Icelandair
- 18. Bókin *Ferðamál á Íslandi* kemur út
- 20. Viðtal RMF við ÍNN
- 22.-23. ENECON ráðstefna við HA
- 27.-30. RGS/IBG í London – málstofur um ferðamál

Í þessum mánuði var unnið að útfærslu könnunar meðal farþega hjá Icelandair, könnun var framkvæmd meðal gesta í Þingeyjarsýslum, gestir á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs skoðaðir og könnun meðal ferðafólks í tengslum við þolmarkarannsóknir framkvæmd. Unnið var að umsókn í innviðasjóð um uppbyggingu gagnagrunns um kannanir meðal ferðafólks. Jafnframt var unnið að gagnaöflun og skrifum bókakafla um grannfræði og ferðamál.

September:

- 2. Cristi Frenç hefur störf
- 4.-6. COST fundur í Wageningen
- 9. Viðtal RMF í Sjónmáli RÚV
- 10. Símafundur um framhald kortlagningarverkefnis
- 12. Fundur með Hagstofu Íslands vegna TSA verkefnis Cristi
- 17. Kennsla fyrir Hóla
- 19. Heimsókn fjárlaganefndar Alþingis á RMF
- 24.-27. Lokaráðstefna Trans tourism verkefnis í Mallaig í Skotlandi

Í þessum mánuði var unnið að undirbúningi rannsóknardaga RMF og unnið úr könnunum sumarsins. Gengið var frá NPP trans tourism verkefni, unnið að rýni á hliðarreikningum Hagstofu Íslands um ferðamál, gagna aflað vegna verkefnis um skemmtiferðaskip, gerð könnun í samvinnu við Icelandair og unnið með rannsóknarneti um ferðamálarannsóknir á heimskautasvæðum.

Október:

4. Kennsla við LHÍ og *Claiming the North* ráðstefna við HÍ – erindi frá RMF
- 10.-11. Rannsóknadagar RMF á Húsavík
17. Uppskeruhátíð MFN
19. Framtíð Skálholts – erindi RMF
24. Haustfundur stjórnar RMF og örráðstefna RMF - staða þekkingar á ferðaþjónustu
25. Þjóðarspejill, ráðstefna við HÍ – málstofur um ferðamál
31. NORA verkefnisfundur á Höfn

Í þessum mánuði var unnið að undirbúning og framkvæmd rannsóknadaga RMF. Unnið að rýni á hliðarreikningum Hagstofu Íslands um ferðamál, gerð könnun í samvinnu við Icelandair, gagna aflað vegna verkefnis um skemmtiferðaskip, unnið að frágangi skýrslna og unnið með rannsóknarneti um ferðamálarannsóknir á heimskautasvæðum. Unnið var að grein fyrir *Ritið*.

Nóvember:

6. Verkefnafundur með Cruise Iceland
7. Fundur vegna nýsköpunarverðlauna SAF
8. Viðtal RMF á N4
15. COST stýrihópsfundur í Brussel
19. Samráðsfundur með Alta og fundur um rannsóknir í ráðuneyti ferðamála
21. Kennsla Hólanema
25. Kynning á bókinni *Ferðamál á Íslandi*
26. Kynning á vefgátt kortlagningar verkefnis, í Vík í Mýrdal

Í þessum mánuði var unnið að rýni á hliðarreikningum Hagstofu Íslands um ferðamál, gerð könnun í samvinnu við Icelandair, gagna aflað vegna verkefnis um skemmtiferðaskip, unnið að frágangi skýrslna og unnið með rannsóknarneti um ferðamálarannsóknir á heimskautasvæðum. Unnið var að grein fyrir *Ritið* og undirbúning ritstýrðrar bókar um ferðamál og umhverfið.

Desember:

6. Upptaka viðtals í Kastljósi
9. Fundur með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
- 23.-6. Jólafri

Í þessum mánuði var unnið að rýni á hliðarreikningum Hagstofu Íslands um ferðamál, gerð könnun í samvinnu við Icelandair, gagna aflað vegna verkefnis um skemmtiferðaskip, unnið að frágangi skýrslna og unnið með rannsóknarneti um ferðamálarannsóknir á heimskautasvæðum. Auk þessa var gerð umsögn um breytingu á lögum um náttúruvernd, lögð drög að ársskýrslu og skýrslur frá starfsfólki verkefna rýndar. Unnið var ritstýrðri bók um ferðamál og umhverfið.